

Reykjaneshöfn

Ársreikningur

2022

Reykjaneshöfn
Víkurbraut 11
230 Reykjanesbær
kt. 410190-1099

Reykjaneshöfn

Ársreikningur

2022

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðenda	2-3
Áritun stjórnar og hafnarstjóra	4-5
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar	9-16

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Reykjaneshafnar

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Reykjaneshafnar fyrir árið 2022, að undanskilinni skýrslu stjórnar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2022, efnahag þess 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Ársreikningurinn innifelur

- Skýrslu stjórnar
- Rekstrarreikning ársins 2022.
- Efnahagsreikning 31. desember 2022.
- Sjóðstreymi ársins 2022.
- Skýringar, sem innifela helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Skýrsla stjórnar er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrd í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda.

Óhæði

Við erum óháð félaginu samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðaregla sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar

Stjórn ber ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla stjórnar sem lá fyrir við áritun okkar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til skýrslu stjórnar og við staðfestum hana ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu stjórnar höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn og stjórnendur er ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og Hafnarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum félagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning félagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur atli að leysa félagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi félagsins. Stjórnendum félagsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álitum okkar. Nægjanleg víska er mikil víska en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallar eru á ársreikningnum.


Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álitum okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.
- Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi félagsins eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi þess. Ef við teljum að veruleg óvíska ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, viljum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að félagið verði ekki lengur rekstrarhæft.
- Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Reykjanesbær, 11. maí 2023

PricewaterhouseCoopers ehf.



Jón H. Sigurðsson

lögilltur endurskoðandi

Áritun stjórnar og hafnarstjóra

Ársreikningur Reykjaneshafnar fyrir árið 2022 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Tap Reykjaneshafnar á árinu 2022 nam kr. 30.166.113. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir hafnarinnar kr. 2.383.274.347, bókfært eigið fé í árslok er jákvætt um kr. 1.140.058.427 og er eiginfjárhlutfall neikvætt um 47,8%.

Stjórn Reykjaneshafnar leggur til að tap ársins verði fluttur á eigið fé til jöfnunar síðar.

Rekstrartekjur ársins voru rúmar 303 milljónir króna eða rúmum 36 milljónum króna meiri en fjárhagsáætlun ársins gerði ráð fyrir. Tekjur af Ísturni hafnarinnar voru rúmum 2 milljónum undir áætlun en aðrir tekjustofnar voru á pari eða umfram áætlun þannig að rekstrartekjur ársins urðu í heildina rúmum 13% yfir því sem áætlað var. Landaður aflí hefur minnkað um tæp 680 tonn milli ára, níu fleiri fraktskip komu til hafnar en árið á undan og flutt vörumagn um hafnirnar var tæplega 155 þúsund tonnum meira en árið 2021.

Stöðugildi hjá Reykjaneshöfn voru fimm í upphafi árs en voru orðin fjögur í lok ársins. Launakostnaður ársins 2022 er tæplega 8% yfir áætlun ársins og nemur en launakostnaður umfram áætlun skýrist af auknum umsvifum í þjónustu hafnarinnar umfram það sem miðað var við í fjárhagsáætlun ársins. Lífeyrisskuldbindingar urðu hærri en áætlanir gerður ráð fyrir en útreikningur þeirra byggir á launaþróun ársins auk annarra þátta eins og lífaldurs o.fl. Í útreikningum vegna ársins 2022 breyttust forsendum í útreikning er varðar hlutfall launagreiðanda í þeim útreikningum, úr 52,7% í 60,6%, sem skýrir þess hækkun að mestu.

Viðhaldskostnaður hafnarinnar fór 49% fram úr áætlun vegna áfalla sem urðu að mestu í smábátahöfninni í Gróf vegna óveðurslægða sem gengu yfir landið í upphafi ársins. Aðrir kostnaðarliðir voru á pari eða undir áætlun og var EBITDA ársins 112 milljónir króna eða 15 milljónir yfir áætlun. Rekstrarniðurstaða ársins var þó neikvæð um um 30 milljónir króna vegna hárra fjármagnsliða í kjölfar mikilla verðbólgu á árinu.

Fjárfestingar ársins voru rúmlega 44 milljónir króna, bæði í stærri og smærri verkefnum. Haldið var áfram undirbúning að framkvæmdum í Njarðvíkurhöfn, tekið í notkun nýtt vakhús á Norðurbakkanum við Helguvíkurhöfn, undirbúin ný flotbryggja í Keflavíkurhöfn ásamt nýframkvæmdum tengdar landtengingum og öryggismálum. Einnig nýtti höfnin sér forkaupsrétt að lóð á hafnarsvæði Njarðvíkurhafnar vegna fyrirhugaðs skipulags á því svæði.

Endurskipulagningu á fjármálum Reykjaneshafnar lauk á árinu 2021 og er lítið til þess að rekstur hafnarinnar verði sjálfbær í framtíðinni. Það fjárhagsumhverfi sem nú ríkir í samfélaginu hefur þó neikvæð áhrif á rekstur hafnarinnar með tæplega 10% verðbólgu á árinu 2022 sem ekki sér fyrir endann á. Vaxtaberandi langtímaskuldir hafnarinnar voru í upphafi ársins 2021 rúmlega 916 milljónir króna en eru í lok ársins rúmlega 963 milljónir króna og hafa aukist um rúm 5% eingöngu vegna þróunar verðlags á síðasta ári. Í 3. mgr. 18. gr. hafnarlaga nr. 61/2003 segir eftirfarandi: „Rekstrarformi hafnar skal breytt í höfn í eigu sveitarfélags án sérstakrar hafnarstjórnar þegar hún hefur haft neikvæðan rekstrarafgang í þrjú ár í röð að teknu tilliti til vaxta, en fyrir afskriftir.“ Með hliðsjón af því viðmiði þá má segja að rekstrarniðurstaða ársins sé jákvæð um 14,5 milljónir í stað 30 milljóna króna taps.

Að áliti stjórnar og hafnarstjóra Reykjaneshafnar koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu hafnarinnar í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og hafnarstjóri Reykjaneshafnar staðfesta hér með ársreikning hafnarinnar fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Áritun stjórnar og hafnarstjóra

Reykjanesbær 11. maí 2023

Í stjórn



Hjörtur M. Guðbjartsson
formaður



Kristján Jóhannsson



Sigurður Guðjónsson



Alexander Ragnarsson



Úlfar Guðmundsson

Hafnarstjóri



Halldór Karl Hermannsson

Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrartekjur			
Seld þjónusta.....		273.716.623	191.114.044
Leigutekjur		29.398.025	25.599.391
		<u>303.114.648</u>	<u>216.713.435</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	3	95.541.214	87.388.068
Hækkun lífeyrisskuldbindingar.....	12	17.654.787	6.839.699
Lóðir og lendum.....	7	6.175.614	10.544.219
Annar rekstrarkostnaður.....		59.450.907	42.303.700
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		13.217.063	11.788.924
Varúðarafskrift viðskiptakrafna, breyting.....	9	(2.372.617)	1.743.468
Birgðabreyting.....		975.000	0
Afskriftir mannvirkja og annarra eigna	6	44.682.124	44.656.361
		<u>235.324.092</u>	<u>205.264.439</u>
Rekstrarhagnaður (-tap)		67.790.556	11.448.996
Fjármunatekjur.....	4	1.292.076	642.086
Fjármagnsgjöld.....	5	(99.248.745)	(59.296.218)
Hagnaður (tap) af reglulegri starfssemi		(30.166.113)	(47.205.136)
Eftirgjöf skuldar við Reykjanesbæ.....		0	3.073.208.093
Hagnaður (tap) ársins		<u>(30.166.113)</u>	<u>3.026.002.957</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

Eignir	Skýr.	31.12.2022	31.12.2021
Fastafjármunir			
Hafnarmannvirki	6	1.787.049.107	1.803.241.272
Fasteignir	6	41.154.802	21.342.549
Hafnsögu- og dráttarbátur	6	16.888.866	18.684.202
Áhöld og tæki	6	13.047.749	15.954.863
Lóðir og lendur.....	7	392.990.500	342.767.820
Efnisbirgðir.....	8	65.316.131	66.291.131
		<u>2.316.447.155</u>	<u>2.268.281.837</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur.....	9	46.664.676	29.605.762
Aðrar skammtímakröfur	9	1.650.367	1.208.503
Bankainnstæður og sjóðir.....	9	18.512.149	16.496.410
		<u>66.827.192</u>	<u>47.310.675</u>
Eignir		<u>2.383.274.347</u>	<u>2.315.592.512</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Ójafnað tap/hagnaður	10	1.140.058.427	1.120.001.861
		<u>1.140.058.427</u>	<u>1.120.001.861</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Skuldir við lánastofnanir.....	11	963.389.461	916.204.124
Lífeyrisskuldbinding.....	12	139.638.780	121.983.993
		<u>1.103.028.241</u>	<u>1.038.188.117</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	13	6.819.391	11.644.813
Skuld við tengda aðila.....	14	20.363.732	34.638.629
Aðrar skammtímaskuldir.....	13	79.371.953	80.122.844
Áfallnir ógreiddir vextir		3.523.963	3.320.700
Næsta árs afborganir langtímaskulda	13	30.108.640	27.675.548
		<u>140.187.679</u>	<u>157.402.534</u>
Skuldir		<u>1.243.215.920</u>	<u>1.195.590.651</u>
Eigið fé og skuldir		<u>2.383.274.347</u>	<u>2.315.592.512</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarniðurstaða.....		(30.166.113)	3.026.002.957
Rekstrarhreyfingar sem hafa ekki áhrif á handbært fé:			
Afskriftir.....	6	44.682.124	44.656.361
Óbein afskrift skammtímakrafna, breyting.....	9	(2.372.617)	1.743.468
Verðbætur langtímalána.....		78.811.621	40.072.560
Niðurfærsla á víkjandi láni frá Reykjanesbæ.....		0	(3.073.208.093)
Skuldbindingar, breyting.....	12	17.654.787	6.839.699
Hreint veltufé frá (til) rekstrar		<u>108.609.802</u>	<u>46.106.952</u>
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda:			
Rekstrartengdar eignir, lækkun (hækkun).....		(15.128.161)	(7.085.468)
Rekstrartengdar skuldir, hækkun (lækkun).....		(5.373.050)	5.742.432
Handbært fé frá (til) rekstrar		<u>88.108.591</u>	<u>44.763.916</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Fjárfest í varanlegum rekstrarfjárumunum	6	(43.599.762)	(28.699.492)
Efnisbirgðir, breyting.....	9	975.000	0
		<u>(42.624.762)</u>	<u>(28.699.492)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímaskulda	11	(29.193.193)	(27.225.179)
Skammtímaskuld við tengda aðila, breyting.....	14	(14.274.897)	(308.510)
		<u>(43.468.090)</u>	<u>(27.533.689)</u>
Hækkun (lækkun) handbærs fjár		2.015.739	(11.469.265)
Handbært fé í upphafi árs.....		<u>16.496.410</u>	<u>27.965.675</u>
Handbært fé í lok ársins.....	9	<u>18.512.149</u>	<u>16.496.410</u>